

Skuldabréf FÍ Fasteignafélags slhf - Birting lýsingar

Útgefandi: FÍ Fasteignafélag slhf., kennitala: 571212-0210, Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík.

FÍ Fasteignafélag hefur birt lýsingu sem samanstendur af samantekt dagsettri 14. janúar 2016, verðbréfalýsingu dagsettri 14. janúar 2016 og útgefandalýsingu dagsettri 14. janúar 2016. Lýsingin er birt í tengslum við umsókn um töku viðbótarútgáfu skuldabréfa í skuldabréfaflokknum FIF 13 01 til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin hefur verið staðfest af Fjármálaeftirlitinu í samræmi við ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Lýsingin er gefin út á íslensku. Útprentuð eintök af lýsingunni má nálgast á skrifstofu útgefanda að Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík í 12 mánuði frá staðfestingu hennar. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu félagsins, <http://www.fifasteignir.is/fi-fasteignafelag-slhf.html>

Nafnverð útgáfu

Útgefandi hefur safnað áskriftarloforðum frá fjárfestum fyrir 9.925.000.000 íslenskra króna í samræmi við ákvæði samþykktu og skilmála félagsins. Á grundvelli fyrrgreindra áskriftarloforða skuldbinda fjárfestar sig til þess að fjárfesta í i) hlutabréfum og ii) skuldabréfum útgefnum af útgefanda. Útgefanda mun þannig vera heimil útgáfa skuldabréfa á grundvelli áskriftarloforðanna fyrir allt að 7.940.000.000 kr. að nafnvirði. Áður hafa verið gefin út 5.340.856.043 kr. að nafnvirði og viðbótarútgáfa nú er 1.111.404.081 kr. að nafnvirði. Heildarfjárhæð nýttar heimildar er því 6.452.260.124 kr.

Áætluð taka skuldabréfanna til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf.

Sótt hefur verið um töku bréfanna til viðskipta samhliða útgáfu þeirra.

Skilmálar skuldabréfanna

Skuldabréfin eru verðtryggð með vísitölu neysliverðs og bera fasta 5,0% vexti. Vextir greiðast fjórum sinnum á ári, 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember, af verðtryggðum höfuðstól, en höfuðstóll greiðist á lokagjaldsdaga þann 1. ágúst 2028. Útgáfudagur bréfanna var 20. júlí 2013. Fyrsti greiðsludagur vaxta var 1. ágúst 2014.

Auðkenni skuldabréfaflokksins

Auðkenni skuldabréfaflokksins í viðskiptakerfi NASDAQ OMX Iceland hf. er FIF 13 01, ISIN númer bréfanna er IS IS0000022770. Skuldabréfin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamistöð hf. í 1. kr. nafnverðseiningum.

Reykjavík 14. janúar 2016

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf